

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

Árni Helgason

Könnun á ófiskgengum svæðum í
Miðfjarðará í Bakkafirði.

190

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

31.10.1983

VAUST / 8305

Árni H. Helgason

Inngangur.

Að ósk Gunnars Björnssonar fór undirritaður áð Miðfjarðará í Bakkafirði dagana 2 og 3 september í þeim tilgangi, að skoða ófiskgenga hluta árinna ofan við Fálkafoss.

Þessi athugun er gerð með tilliti til þess hversu vænlegt þetta svæði er sem uppvaxtarsvæði fyrir laxaseiði, en fyrirhugað er að gera Fálkafoss fiskgengan með laxastiga á næsta ári.

Lýsing á Miðfjarðará.

Miðfjarðará rennur um land Kverkártungu, Miðfjarðar og Sels, og á upptök sín í um 500 metra hæð yfir sjó í Miðfjarðarárdögum. Frá upptökum til ósa er áin um 50 km á lengd. Frá náttúrunnar hendi er Miðfjarðará fiskgeng 3.2 km frá ósi, en þar er Fálkafoss gönguhindrun. Um 1 km neðan við Fálkafoss rennur Litla-Kverká í Miðfjarðarána og er hún fiskgeng a.m.k. neðsti hluti hennar. Hversu langt það svæði er liggur ekki fyrir. Á árunum 1975 til 1983 hafa Miðfjarðará og Litla-Kverká gefið á milli 15 og 248 laxa í veiði á ári eða 125 laxa að meðaltali. Strax ofan við Fálkafoss eykst bratti árinna nokkuð, og á þeim ríflega 5 km kafla, sem skoðaður var í þessari ferð, eru 3 fossar auk Fálkafoss, og eru þeir allir að meira eða minna leyti gönguhindrun fyrir lax. Þessir fossar eru:

- | | | | | | |
|--------------|----|--------|------|-----|-----------|
| 2. Bæjarfoss | um | 1.0 km | ofan | við | Fálkafoss |
| 3. Sniðfoss | um | 1.6 | " | " | " |
| 4. Foss (4) | um | 5.2 | " | " | " |

Hér aftan við skýrsluna fylgir kort af Miðfjarðará í stærðarhlutföllunum 1:100.000 og sýnir það helstu staði, sem rætt verður um hér á eftir. Á krtið er sömuleiðis sett hallasnið af þeim hluta árinna, sem var athugaður. Einnig eru settar með myndir af fossunum 4, sem er að finna á þessu svæði.

Aðferð við athugun.

Farið var með ánni á svæðinu Fálkafoss til Foss (4) og það metið og flokkað með tilliti til straumlags og botngerðar, en það eru afgerandi þættir, sem ákvarða hvort um hentug búsvæði fyrir laxaseiði er að ræða. Þetta mat byggir á reynslu, sem fengin er frá öðrum stöðum.

Engin tilraun er gerð til að leggja mat á fæðuframboð eða hita-
far í ánni þar sem engin gögn liggja fyrir um þessa þætti, og lausleg athugun eins og sú sem var framkvæmd gefur ekki möguleika á að afla þeirra.

Seiðaathugun var gerð með rafmagnsveiði á 2 stöðum í ánni. Annars-
vegar á ófiskgenga hlutanum skammt ofan við Fálkafoss og hins-
vegar á fiskgenga hlutanum til samanburðar.

Til þess að fá hugmynd um lengd mismunandi árhluta var svæðið milli Fálkafoss og Foss (4) stikað.

Niðurstöður athugana.

1. Svæðið milli Fálkafoss og Bæjarfoss.

Þetta svæði mælist um 1 km á lengd, og er sá kafli sem verður fær göngufiski, ef fiskvegur kemur í Fálkafoss.

Strax og kemur uppfyrir fossinn verður áin brattari og setur það sín einkenni á hana, þar sem flúðir, straummiklir strengir og brot verða meira áberandi. Botngerð verður sömuleiðis grófari en víðast neðan við fossinn og allvíða er klapparbotn á stórum svæðum.

Hrygningarskilyrði finnast ágæt á svæðinu, einkum neðst í hyl-
num undi Bæjarfossi.

Í heild tel ég, að á milli 50% og 60% af svæðinu (miðað við lengdarmælingu) sé lítt hæft eða ónothæft sem uppeldissvæði fyrir laxaseiði. Ástæður fyrir þessu er mikill straumpungi og/eða óhentugur botn, sem veitir ónógt skjól. Þar er einkum átt við kafla með hreinum klpparbotni og kaflar með rúllandi grjóti.

Á milli 40% og 50% af svæðinu milli Fálkafoss og Bæjarfoss eru hinsvegar blandaðir kaflar, þar sem finnast smærri brot, straumminni strengir og lygnar breiður. Á brotunum og í strengjunum er víðast grýttur og fastur botn, en smágrýttari eða malarbotn á lygnari köflunum. Þessi hluti svæðisins hefur uppá að bjóða skilyrði fyrir alla aldurshópa af laxaseiðum, en þó er líklegt, að framleiðslugeta svæðisins takmarkaðist af því, að hlutfallslega minnst er af hentugum búsvæðum fyrir smærri seiði, sem kjósa sér lygnara vatn heldur en þau stærri. Víða á þessum 1 km kafla milli Fálkafoss og Bæjarfoss má finna ágæta veiðistaði.

2. Bæjarfoss.

Bæjarfoss er breiður foss, sem fellur óskiptur 6-7 metra niður í all-djúpan hyl (sjá mynd). Að óbreyttu fer göngulax ekki um fossinn, og verður því aukning á fiskgengu svæði eingöngu milli Fálkafoss og Bæjarfoss, við fiskveg í þeim fyrrnefnda.

3. Svæðið milli Bæjarfoss og Sniðfoss.

Þetta svæði er um 600 metra langt og má skipta í tvo einnenni kafla. Annarsvegar er um 300 metra kafla strax ofan við Bæjarfoss, þar sem áin er að stórum hluta á klapparbotni. Við þannig aðstæður er ónógt skjól fyrir laxaseiði, og nýtist þessi hluti því óverulega. Þó eru kaflar, einkum með landinu að sunnanverðu, þar sem heldur meira er um grjótbrot. Hinsvegar er svo tvískiptur brotakafli. Neðri hlutinn um 150 metrar rennur í all-þröngri rennu og er of straummikill fyrir seiði, að undanskildum mjóum lænum með bökkum. Efri hlutinn nær að fosshylinum undir Sniðfossi. Þessi hluti er breiðari og er að hálfu leyti á klapparbotni en að hálfu á ágætum grýttum botni, sem hentar mjög vel.

4.Sniðfoss.

Sniðfoss er talsvert breiður foss, 4-5 metrar á hæð og rennur í tveim kvíslum niður á klöpp. (sjá mynd). Sniðfoss er ekki fær göngufiski að óbreyttu.

5.Svæði milli Sniðfoss og Foss (4).

Þetta svæði er um 3.6 km að lengd, og er það mjög breytilegt að gerð. Breytileikinn er mikill og ör og engir langir ein-kennandi kaflar á svæðinu ef frá er talinn 500 metra kafli þar sem áin rennur öll í þröngu gili og er mjög straumhörð. Heildarsamantekt á þessum kafla árinna er, að um 30% (miðað við lengdarmælingar) eru hentug búsvæði fyrir alla aldurshópa af laxaseiðum, um 30% eru kaflar sem geta að hluta til nýst til seiðauppeldis og 40% eru ónýtanlegir kaflar. Á svæðinu er gnægð góðra hrygningastaða og veiðistaðir eru margir skemmtilegir.

6.Foss (4).

Þessi efsti foss rennur í þröngu gili og er í 3 þrepum, með hyljum á milli. (sjá mynd). Þessi foss er ófær göngufiski, a.m.k. efsta þrepið, sem ég áætla að sé 4-5 metrar að hæð.

7.Niðurstöður rafveiðiathugana.

Við athugun á grýttum kafla með álitlegum skilyrðum fyrir laxaseiði, sem er um 100 metrum ofan við Fálkafoss, fékkst eftirfarandi:

Laxaseiði			Bleikjuseiði		
A	ML	F	A	ML	F
Engin seiði veiddust			0	3.6	1
			1	7.4	2

Á fiskgenga hlutanum var rafveiddur 260 fermetra kafli á milli brúnna og fengust eftirfarandi niðurstöður:

Laxaseiði			Bleikjuseiði	
A	ML	F	ML	F
0	3.2	2	-	0
1	5.8	13	7.7	4
2	7.4	3	-	0
3	8.3	1	-	0
4	-	0	-	0
5	10.2	1	-	0

Skýringar: A : aldur seiðanna skv. kvarnalestri.

ML: Útreiknuð meðallengd.

F : Fjöldi veiddra seiða í aldurshópnum.


Ályktanir.

Samkvæmt niðurstöðum úr rafveiðum hér að ofan, þá er vottur af staðbundinni Bleikju til staðar ofan við fossa. Vöxtur laxaseiða neðan við Fálkafoss er mjög sambærilegur við það sem t.d. fást hjá náttúrulegum seiðum í Sela í Vopnafirði, en þar ná þau gönguseiðastærð á 3-5 árum.


Engin ástæða er til að ætla annað en að ófiskgengi hluti Miðfjarðarár hafi möguleika hvað snertir fæðuframboð og hitafar, á að fóstra laxaseiði, þar sem á annað borð eru hentug umhverfiskilyrði til staðar.

Í heild tel ég, að aukning á nýtanlegu uppeldissvæði við laxastiga í Fálkafossi sé ekki það mikil, að hún verði til að auka verulega framleiðslugetu árinna. Eingöngu með því að hleypa laxi upp fyrir a.m.k. Bæjarfoss og Sniðfoss og helst upp fyrir Foss (4), verður um umtalsverða aukningu á uppeldissvæðum fyrir lax að ræða.

Engin athugun hefur átt sér stað á svæðinu ofan við Foss (4), en þar eru enn ókannaðir rúmir 40 km af árnei.


Árni Helgason, fiskifr.
Vaust. 31.10. 8

MÍÐJARDARÁ Í BAKKAFIRÐI




LITLA-
KVERKÁ

ALFTA-
VATN

FOSS
(4)


FÁLKAFOSS
BÆJARFOSS
SNÍÐFOSS

HÖLNÁ




ÞVERFELLSVATN

Fálkafoss



Bæjarfoss



Sniðfoss



Foss númer 4.

